

Fundargerð. *Stjórnarfundur nr. 90.*

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík 5. febrúar árið 2019, kl 10:30. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson, Sveinn F. Úlfarsson og Snorri Finnlaugsson áheyrnarfulltrúi. Einnig sátu fundinn Gunnar Svavarsson frá Verkfræðistofunni Eflu og Fannar Viggósson starfsmaður Norðurár bs.

Dagskrá

1. Verkaskipting stjórnar.
2. Fjármál og rekstur 2018.
3. Staða og horfur í daglegum rekstri urðunarstaðarins.
4. Brennsla á metangasi.
5. Endurnýjun starfsleyfis
 - A) Starfleyfisumsókn
 - B) Mat á umhverfisáhrifum, áætlun um kostnað.
6. Erindi frá Sorpstöð Suðurlands
7. Viðauki við leigusamning um land.
8. Önnur mál

1. Verkaskipting stjórnar

Tillaga um að Magnús Jónsson verði stjórnarformaður, Einar E. Einarsson ritari og Sveinn F. Úlfarsson meðstjórnandi var samþykkt samhljóða.

2. Fjármál og rekstur 2018

Fyrir liggja drög að uppgjöri fyrir rekstarárið 2018. Magnús fór yfir uppgjörið og gerði grein fyrir helstu tölum eins og þær liggja fyrir í dag. Eftir er ákveðinn vinna við frágang áður en hægt er að birta helstu niðurstöður.

3. Staða og horfur í daglegum rekstri urðunarstaðarins

Fannar lagði fram skýrslu um ýmislegt sem snýr að starfseminni hjá Norðurá árið 2018. Í heildina var urðað um 6% meira magn af sorpi en árið 2017 eða samtals 21.745 tonn. Mest munar um aukninguna úr Eyjafirði en þaðan vex sorpmagnið um rúmlega 1.500 tonn á milli áráanna 2017 og 2018. Stærsti flokkurinn er sem áður blandaður úrgangur frá sveitarfélögum eða 15.523 tonn. Þar á eftir koma dýrahæ og sláturúrgangur sem voru 3.498 tonn en sá flokkur minnkar þó um rúmlega 200 tonn á milli áráanna 2017 og 2018. Megin niðurstaðan á þróun í magni síðustu ára er að í heildina vex það sem kemur til urðunar jafnt og þétt. Í skýrslunni má einnig sjá upplýsingar um framkvæmdir og fjárfestingar á árinu eins og kaup á beltagröfu, gaseyðingarbúnaði ásamt því að búið er að auka til muna slökkivatsnirgðir á

svæðinu en á árinu 2018 komu brunavarnir Austur Húnvetninga níu sinnum á svæðið til að slökkva sjálfíkveikjuelda og þar að auki slökktu starfsmenn Norðurá 15 sinnum elda án aðstoðar brunavarna. Í heildina gengur starfsemin engu að síður vel.

Töluverð umræða varð um þann úrgang sem óheimilt er að urða en er að berast af og til eins og hjólbarðar, járn eða rafgeymar. Samþykkt að taka á þessu vandamáli með breytingu á gjaldskrá gangvart þessum flokkum. Tillaga um breytingu verður tekinn fyrir á næsta fundi stjórnar.

4. Brennsla á metangasi

Gunnar lagði fram minnisblað um stöðuna á gassöfnun og brennslu þess í Stekkjarvík. Í heildina hefur verkefnið gengið vel en í augnablikinu eru þrjár af þeim sex holum sem búið er að bora tengdar brennslukerfinu. Samtals er búið að brenna um 103 þúsund rúmmetra af gasi. Tíminn mun svo leiða í ljós hvað uppstreymið á gasinu verður mikið eða stöðugt og hvort grundvöllur verði fyrir betri nýtingu á því en að brenna það, en eyðing þess er skilda í dag.

5. Endurnýjun starfsleyfis

a) Starfsleyfisumsókn

Samþykkt að Gunnar geri breytingar á fyrirliggjandi starfsleyfisumsókn sem liggur hjá Umhverfisstofnun og hækki umsókn um starfsleyfi til urðunar í 30.000 tonn á ári eða um 9.000 tonn frá núverandi starfsleyfi.

b) Mat á umhverfisáhrifum, áætlun um kostnað

Gunnar lagði fram kostnaðaráætlun um framkvæmd á nýju umhverfismati en fyrir liggur úrskurður Skipulagsstofnunnar um að það þurfi, eigi að fást leyfi til að urða meira magn en fyrirliggjandi umhverfismat gerir ráð fyrir. Í heildina er áætlað að matið kosti 6,6 milljónir fyrir utan hugsanlega vinnu við breytingar á skipulagi sem gætu komið upp á verktímanum. Samþykkt að gera skriflegan samning um verkið og að það fari strax af stað.

6. Erindi frá Sorpstöð Suðurlands.

Fyrir liggur bréf dagsett 21. desember 2018 frá Jóni G. Valgeirssyni fyrir hönd Sorpstöðvar Suðurlands. Þar er óskað eftir að Norðurá bs. og urðunarstaðurinn í Fíflholtum leysi saman tímabundinn vanda við urðun á 4.500 tonnum af sorpi árið 2019 meðan Sorpstöð Suðurlands er að koma sér upp eigin sorpurðunarsvæði og eða leysa málin með öðrum hætti. Samþykkt að ganga til samninga við Sorpurðun Suðurlands um urðun á allt að 2.500 tonnum árið 2019 í Stekkjarvík. Í samningnum þarf meðal annars að semja um hvaða flokka af sorpi á að taka við, gjaldtöku og meðferð hugsanlegs aukakostnaðar við urðunina og hugsanlegs kostnaðar vegna starfsleyfa og fleira. Magnúsi falið að vinna að samningsdrögum.

7. Viðauki við leigusamning um land.

Fyrir fundinum liggur viðauki við leigusamning sem gerður var um 30 ha lóð úr landi Sölvabakka hinn 19. mars 2009 ásamt afstöðumynd unninni af Verkfræðistofunni Stoð ehf., verk nr. 768402. Megin breytingin fellst í örlítilli stækkun á hinu leigða svæði vegna efnis sem sett var þar við gröft á áfanga tvö. Samningurinn samþykktur eins og hann var fyrir lagður.

8. Önnur mál

Farið í skoðunarferð um svæðið.

Einar E. Einarsson, ritaði fundargerð.

Fundi slitið kl. 13:30

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Sveinn Úlfarsson

Snorri Finnlaugsson

Fannar Viggósson